



Varðandi: Prentaralausnir
Málsnúmer: 1902093
Dagsetning: 13.02.2019

TILLAGA:

Bæjarráð samþykkir að veita bærarstjóra heimild til að ganga til samningaviðræðna við Opin kerfi um prentararekstur fyrir allar stofnanir Akraneskaupstaðar.

GREINARGERÐ: Síðastliðnar vikur hefur fram vinna kerfisstjóra og fjármálastjóra að greina þau tilboð sem bárust í prentararekstur fyrir stofnanir Akraneskaupstaðar og liggur fyrir hér tillaga um að veita bærarstjóra heimild til samningagerðar við Opin kerfi um prentararekstur Akraneskaupstaðar.

Leitað var til fjögurra fyrirtækja og óskað eftir tilboði í rekstur prentara Akraneskaupstaðar (verðkönnun). Áður en tilboð bárust átti kerfisstjóri fund með hverjum aðila fyrir sig og fór yfir þarfir kaupstaðarins í þessum efnum sem bjóðendur tóku tillit til við tilboðsgerðina. Eitt fyrirtækið bauðst til þess að telja prentun yfir eins mánaðar tíma að kostnaðarlausu og var sú talning síðan notuð við að áætla heildarkostnað við prentun með hliðsjón af magni.

Fjögur tilboð bárust frá fyrirtækjunum Kjaran, Opin kerfi, Origo og PLT. Fjármálastjóri tók saman tilboðin og greindi þau, sbr. meðfylgjandi skjal. Þá áttu fjármálastjóri, kerfisstjóri, sviðsstjóri stjórnarsýslu- og fjármálasviðs og verkefnastjóri sameiginlega fundi þar sem tilboðin voru yfirfarin m.t.t. þarfa kaupstaðarins, þá einna helst OCR skönnun sem gerir okkur kleift að skanna skjöl beint inn í málakerfi kaupstaðarins og úrval prentara sem fyrirtækja hafa til umráða en mismunandi þarfir eru í stofnunum bæjarins, bæði hvað varðar lögum og stærð prentara.

Framangreind greining leiddi í ljós að tilboð Opinna kerfa er hagstæðast og því lagt til að veita bærarstjóra heimild til samningagerðar. Gert er ráð fyrir því að viðbótarkostnaði verði mætt í samþyktri fjárhagsáætlun fyrir árið 2019 e.a. með tilfærslu á milli deilda (frá 21400) og því ekki um viðbótarkostnað að ræða.




Akraneskaupstaður

Með nýjum lausnum verða uppfærðir allir prentarar hjá einstaka stofnunum, innleitt útprentunarkerfi sem krefst auðkenningar við útprentun og því gætt að ákvæðum persónuverndar varðandi viðkvæm gögn. Auk þess er það hin almenna reynsla fyrirtækja og stofnana sem hafið tekið upp slíkar lausnir að kostnaður við prentun lækkar. Tilboðið er þannig uppsett að breytilegur kostnaður er auðgreinanlegur og því hægt að fylgjast með þróuninni sem samræmist markmiðum um hagkvæmni og bættu umhverfisvitund.

Að frágengnum samningi verður innleiðaáætlun sett fram og hafist handa í nánu samstarfi við forstöðumenn.

Með vísan til ofangreind gerir sviðsstjóri framangreinda tillögu.



Steinar Adólfsson

sviðsstjóri stjórnslu- og fjármálasviðs